

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

Reykjavík 3. janúar 2019  
UST201812-084/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 - Grafarbakki II

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna breytingar aðalskipulags á Grafarbakka II í Hrunamannahreppi.


Í greinargerð kemur fram að eigendur lóðarinnar Grafarbakki II spilda 1 hafa óskað eftir því að 26.000 m<sup>2</sup> landi lóðarinnar verði skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi. Lóðin er staðsett suðaustan Flúða á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í tillögunni nánari lýsing á þeirri starfsemi landnotkunin nær til.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur